



Self-Cleaning Surfaces  
**nanoSeptic®**


**UPPSETNING OG  
VIÐHALD**

## Uppsetning filmu á snertifleti


Filman er auðveld í uppsetningu, hún er einfaldlega tekin af örkinni og límd á flötinn. Ef loftbólur myndast eða filman krumpast, þá er hún bara tekin af og sett á aftur. Hér eru nokkur góð ráð við uppsetningu á NanoSeptic filmum:

- Best er að byrja á efri hluta yfirborðsins og vinna sig svo jafnt og þétt niður, eða byrja í miðjunni og filman slétt út á við. Ákveðni í uppsetningu tryggir bestu áferðina á filmunni og kemur í veg fyrir að loftbólur eða krumpur myndast.
- Settu filmuna beint á tog- og þrústi-handföng á hurðinni í stað þess að reyna að þekja aðra fleti hennar.
- Þegar filma er sett á lóðrétt hurðarhúna þarf að umvefja hana réttisælis ef hurðarhúnninn er hægra megin og rangsælis ef hurðarhúnninn er vinstra megin. Best er að láta samskeytin á filmunni snúa út á við, þar sem minnsta álagið er.
- Ekki er gott að setja filmuna á yfirborð sem er hrjúft, óunnið, límkent eða lakkað. Slétt og endingargott efni eins og plast eða málmur er besta undirlagið fyrir filmuna. Þú getur alltaf prófað undirlagið með því að setja filmu á lítið svæði til að byrja með.

*Hurðarhúnn vinstra megin  
Umvefjun rangsælis*



*Hurðarhúnn hægra megin  
Umvefjun réttisælis*



*Samskeyti ættu að snúa út á við þar sem minnsta álagið er.*

## Þrif á filmu á snertiflötum

NanoSeptic vörurnar eru vatnsheldar og auðvelt er að þrifa þær. Þrátt fyrir að efnið sé sífellt að hreinsa sig sjálft getur yfirborð þess orðið óhreint. Einungis þarf að þurrka af sjáanleg óhreinindi við reglulega ræstingu með tusku og vatni.

- Notaðu mjúkan klút eða örtrefjaklút. Ekki nota áhöld sem slípa yfirboðið.
- Forðastu að nota sterk hreinsiefni.
- Ekki þurrka yfirboðið þannig að filman flagni af við endana. Þurrkaðu frá miðju og út.

## Skipt um filmu á snertiflötum

NanoSeptic vörurnar endast vel og aðeins álag af völdum snertingar hefur áhrif á endinguna. Fólki líður betur með yfirborð sem er nýtt og hreint. Þess vegna mælum við með að filmunni sé skipt út reglulega á 90 daga fresti.

- Ef álagið er mikið þarf hugsanlega að skipta um filmu áður en 90 dagar líða. Ef lettrið eða áprentunin á filmunni er eydd, rispuð eða slitin, þarf að skipta um filmu.
- Ef filman byrjar að flagna og ekki hægt að tryggja að hún þeki yfirboðið, þarf að skipta um filmu.
- Ef filman verður það óhrein að erfitt er að þrifa hana, þarf að skipta um filmu.
- Best er að draga filmuna hægt af yfirborðinu þegar hún er fjarlægð til að lágmarka að leifar af lími verði eftir.
- Filma sem hefur verið á snertifleti í langan tíma og/eða eru í mjög heitu/köldu umhverfi eða í á rökum stað mun hugsanlega skilja eftir sig leifar af lími.
- Best er að nota viðeigandi efni til að fjarlægja leifar af lími og þrifa svo vel með sápu og vatni áður en ný filma er sett á.

## Uppsetning á hurðahúnahulsu

Hurðahúnahulsan er auðveld í uppsetningu. Best er að sprauta gluggaspreyi á húninn og einnig inni í hulsuna og hún ætti að renna upp á í kjölfarið. Hver hulsu ætti að endast í 90 daga eða þangað til sjáanleg eyðing er farin að myndast.

## MIKILVÆGT

### Til að tryggja bestu mögulegu áferð á NanoSeptic filmum við uppsetningu:

- Hreinsið yfirborðið vel.
- Tryggið að engar leifar séu eftir af lími eða öðrum efnum á yfirborðinu.
- Fylgið leiðbeiningum þegar vefja á NanoSeptic filmu um hurðarhún.
- Þéttið NanoSeptic yfirborð filmunnar þannig að hvorki sjáist loftbólur eða krumpur og veitið öllum brúnum sérstaka athygli.
- Settu NanoSeptic á snertifleti í lok dags eða þegar álag á þá er sem minnst. Það tryggir að límið fær tíma til að jafna sig.

### Takk fyrir að velja NanoSeptic sjálfhreinsandi vörur!



Endursöluaðili: Hreint ehf.  
Auðbrekku 8  
200 Kópavogur  
S: 589-5000  
hreint@hreint.is  
[www.hreint.is/nanoseptic](http://www.hreint.is/nanoseptic)